

## Heilsueflandi samfélag

3. fundur – 21. nóvember 2023 kl 19.00 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Hermína K. Lárusdóttir  
Alma Björk Clausen  
Eiríkur Böðvar Rúnarsson  
Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir  
Jóhanna Jóhannesdóttir  
Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi)

Formaður setti fundinn.

1. Lýðheilsuvísir 2023. Nefndin rýndi í gögnin. Einmanaleiki hjá ungu fólki á vesturlandi var áberandi og ræddi nefndin hvað væri hægt að gera til þess að ná til hópsins. Það kom hugmynd á fundinum að útbúa bækling með afþreyingu, félögum, íþróttum og öðru sem einstaklingar geta tekið þátt í í Snæfellsbæ. Nefndin myndi svo afhenda heilsugæslunni bæklinginn og þau gætu látið fólk sem þangað leitar fá bæklinginn þegar grunur er um einangrun eða einmanaleika. Einnig var rætt um mikilvægi þess að hafa svona upplýsingar aðgengilegar svo að fólk viti hvað sé í boði í sveitarfélaginu.
2. Kristfríður ætlar að klára markmiðin fyrir 2024 svo að þau séu skýr fyrir komandi ár.
3. Umræða skapaðist á fundinum um hversu vel stofnanir og fyrirtæki í samfélaginu eru að standa sig í heilsueflingu. Nefndinni fannst vanta vettvang þar sem sú vinna er kynnt og munum við prófa að vera með greinar í næstu útgáfum Jökuls og upplýsa um heilsueflingu í Snæfellsbæ.

Fundi slitið kl 20.00